

Mál nr. 40/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatrygginga ökumanns A

Aftanákeyrsla á Laugarásvegi í Reykjavík þ.18.3.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.1.2012 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 14.2.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M ók bifreið sinni A eftir Laugarásveginum og bíllinn rann til í hálku við gatnamót og rakst aftana á bíl sem var kyrrstæður við gatnamótin. M leitaði sama dag til læknis vegna verkja. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá V vegna tekjutaps og bendir á að samtímagögn sýni fram á tjón M. V telur ósannað að óvinnufærni M á þeim tíma sem um ræðir megi rekja til slyssins og fyrirbyggjandi gögn sanni það ekki. V bendir á að áreksturinn hafi ekki verið harður og fyrirbyggjandi vottorð fullnægi ekki þeim kröfum sem V gerir til sönnunar á orsakatengslum milli óvinnufærni M og slyssins auk þess sem stöðugleikapúnkti hafi verið náð á þeim tíma sem krafa er gerð um bætur vegna meintrar óvinnufærni.

Álit.

Ekki liggur fyrir sérstakt mat á ástandi M þrátt fyrir afstöðu V í málinu. Miðað við fyrirbyggjandi gögn telst ekki nægjanlega sannað að M hafi verið óvinnufær á umræddum tíma og á hún því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 6.3. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.